

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
setningu Hönnunarkeppni Háskóla Íslands 2022. Haldið í
Háskólabíói laugardaginn 5. febrúar 2022 kl. 12**

Komið þið sæl og verið hjartanlega velkomin á Hönnunarkeppni Háskóla Íslands 2022.

Hönnunarkeppni Háskóla Íslands er nú haldin í 30. sinn og er fyrir löngu búin að festa sig í sessi sem einn af áhugaverðari og skemmtilegri viðburðum skólaársins hjá okkur í Háskóla Íslands og það gleður mig að fá tækifæri til að setja keppnina að þessu sinni.

Hönnunarkeppnin var fyrst haldin árið 1991 að frumkvæði vélaverkfræðinema við Háskóla Íslands. Með nýrri námsleið í iðnaðarverkfræði nokkrum árum síðar tóku véla- og iðnaðarverkfræðinemar saman við keppninni.

Lengst framan af var keppnin haldin í Háskólabíói ár hvert, en síðustu ár hefur hún verið haldin í Hörpu í tengslum við UT-messuna. Einnig í ár er hönnunarkeppnin hluti af dagskrá UT-messunnar, en vegna samkomutakmarkana hefur þeim viðburði verið frestað til 25. maí nk. Á síðasta ári þurfti því miður að fella keppnina niður vegna heimsfaraldursins. Það er þeim mun ánægjulegra að nú, þegar vonandi sér loks fyrir endann á farsóttinni, skuli vera hægt halda hönnunarkeppni Háskóla Íslands í 30. sinn hér í Háskólabíói.

Eins og flestir vita gengur keppnin út á það að nota hugvitið til að hanna og smíða einhvers konar farartæki til að aka eftir fyrirfram

gefinni sérsmíðaðri keppnisbraut, komast yfir hindranir og leysa krefjandi þrautir.

Þetta er ævinlega þrælskemmtileg og spennandi keppni. Það er sérlega ánægjulegt að keppnin getur verið haldin með áhorfendum, enda er tilgangur hennar ekki síst að vekja áhuga yngri kynslóða á verkfræði. Ég er þess fullviss að áhugi margra á verkfræði hafi kviknaði með því að fylgjast með þeim fjölmörgu eldkláru ungmenum sem hafa spreytt sig í hönnunarkeppninni í gegnum árin, ekki síst í sjónvarpinu en sýnt hefur verið árlega frá henni í sérstökum þáttum.

Og það er ekki annað hægt en að hrífast með. Lausninar sem við sjáum ár hvert eru hver annarri frumlegri í nálgun sinni og bera verkfræðinimum við Háskóla Íslands sem og öðrum keppendum gott vitni.

Áður en ég set keppnina formlega vil ég þakka styrkaraðilum sérstaklega fyrir mikilvægt framlag. Það eru Marel, sem á djúpar rætur í Háskóla Íslands, og Samey Robotics, en aðrir bakhjarlar eru Vélin, UT-Messan og Verfræðingafélag Íslands. Þeirra stuðningur skiptir miklu máli við að viðhalda þeirri hefð sem þessi keppni hefur áunnið sér.

Vegleg verðlaun eru í boði og fær sigurvegarinn 400.000 kr. peningaverðlaun, fyrir annað sætið eru veittar 300.000 kr. og fyrir

Það þriðja 200.000 kr. Þessi verðlaun eru veitt af Marel. Þá leggur Samey Robotics til 200.000 kr. verðlaun fyrir frumlegustu hönnunina.

Góðir gestir. Að þessu sögðu set ég hér með Hönnunarkeppni Háskóla Íslands árið 2022. Ég óska áhorfendum góðrar skemmtunar og keppendum góðs gengis.